

ÍSLENSKT TIMBUR, JÁ TAKK!

Viltu komast í samband við fólk og fyrirtæki sem framleiðir afurðir úr timbri skóganna?

... eða afla þér fræðslu og þekkingar um skóga, skógrækt, afurðir skóga, timbur, timburvinnslu o.sfrv.?



Búgreinadeild skógarbænda (SkógbÍ) er sameiginlegur vettvangur bænda sem stunda skógrækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra innan Bændasamtaka Íslands. Skógarbændur eru hvattir til að vera félagar í Bændasamtökum Íslands til að samtökin geti betur stutt við starf þeirra, bæði við ræktun skóga en ekki síður við úrvinnslu þess sem skógurinn gefur, meðal annars timburs. Veittar eru upplýsingar um skógarbændur sem vinna afurðir úr skógum sínum til sölu, svo sem viðarkurl, eldivið, staura, smíðavið og fleira.

- Sjá nánar á vefnum bondi.is



Hjá Trétækniráðgjöf slf. býður Eiríkur Þorsteinsson sérhæfða ráðgjafarþjónustu í sambandi við timbur og timburvinnslu. Fyrirtækið hefur unnið að því að efla gæðamál í íslenskum timburiðnaði, ýta undir vottun á íslensku timbri til mannvirkjagerðar, halda námskeið, útbúa fræðsluefni og fleira. Á vef fyrirtækisins er t.d. að finna timburorðasafn.

- Sjá nánar á vefnum timbur.is



Landbúnaðarháskóli Íslands býður upp á nám í skógræði á háskólastigi en rekur einnig **Endurmenntun LbhÍ** þar sem í boði eru fjölbreytt námskeið, meðal annars á sviði skógræktar, skógarumhirðu, áætlanagerðar, skipulags, úrvinnslu timburs og aðrar skógarnytjar og skógarstarfsemi.

- Sjá nánar á lbhi.is



Garðyrkjuskólinn í Hveragerði heyrir nú undir Fjölbrautaskóla Suðurlands og þar er í boði nám í skógtækni, auk garðyrkjugreina. Á vegum Garðyrkjuskólans er líka rekin Endurmenntun græna geirans. Þar eru reglulega í boði margs konar námskeið sem tengjast skógrækt, skógarumhirðu, afurðum skóganna og úrvinnslu þeirra, til dæmis námskeið um grisjun og meðferð keðjusagar, úrvinnsla afurða úr skóginum, útinám í skógi og margt fleira.

- Sjá nánar á vef skólans, fsu.is



IÐAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðapjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Grafía, FIT, VM, Bílgreinasambandið, Samtök ferðapjónustunnar og Meistarafélag húsasmiða.

Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. Meðal annars hefur ýmis fræðsla námskeið og námsefnisgerð sem tengist skógarnytjum, útvíst í skógi o.fl. verið í boði hjá IÐUNNI.

- Sjá nánar á vefnum idan.is



Skógræktin veitir alhliða upplýsingar sérfræðiþjónustu og ráðgjöf um skógrækt og skyld efni. Stofnunin rekur sögunarmyllu á tveimur stöðum, í Hallormsstaðaskógi og Þjórsárdal. Þá er einnig vinnsla á kurli, eldiviði og fleiru í Hvammi Skorradal og Vaglaskógi. Sjá nánar á vefnum skogur.is/afurðir

Hlutverk Skógræktarinnar er þó ekki að standa sjálf í samkeppnisrekstri heldur þróa aðferðir og sinna framleiðslu sem ekki er annars staðar í boði. Stofnunin dregur sig út úr samkeppnisrekstri þegar ljóst er að sambærileg starfsemi hafi styrkt sig nægilega í sessi og hinn frjálsi markaður er fær til að taka að fullu við. Skógræktin hvetur til nýsköpunar og atvinnustarfsemi í skógargreinum og veitir m.a. upplýsingar um framleiðendur. Hafð samband í s. 470 2000 eða skogur@skogur.is.

- Sjá nánar á vefnum skogur.is